

Gátlistinn er ætlaður til notkunar við eftirlit á velferð við frumframleiðslu eða í sláturhúsum til að meta hvort ástand dýranna samræmist lögum og reglugerðum um velferð dýra.

Farið er í hvert rými sem dýr eru haldin og athugað hvort það séu einhver dýr sem lenda í rauðum eða gulum flokki. Hvert framleiðsluform er talið sér, svo sem geldneyti sér og mjólkurkýr sér eða gyltur sér og sláturgrísir sér svo eitthvað sé nefnt. Ef það eru mörg hús, er oftast best að meta ástandið í hverju húsi fyrir sig þar sem aðstæður geta verið ólíkar.

Best er að byrja að skima hvort það eru dýr í rauðum flokki. Rautt þýðir að ástandið er ekki í lagi og ekki hafi verið brugðist við. Eitt dýr sem flokkast í rautt er nóg. Ef eitt dýr er metið í rauðan flokk við skoðun og ekki hefur verið brugðist við með viðeigandi hætti svo sem sjúkrastíu, dýralæknaskoðun og meðhöndlun o.s.frv., fær skoðunaratriðið “frávik”, eða “alvarlegt frávik”. Hins vegar, ef rétt hefur verið brugðist við og úrbætur eru í vinnslu er skoðunaratriðið skráð í gulan flokk.

Dýr í gulum flokki þýðir að ástand dýrsins er «á mörkunum» og þarfnast ýtarlegra mats og eftirfylgni. Ef dýr flokkast gul þá fer fjöldi þeirra dýra sem eru gul/“á mörkunum” að skipta máli fyrir heildar niðurstöðu. Það er gert með því að meta hlutfall dýra sem flokkast gul út frá heildarfjöldanum. Hlutfallið segir til um hvort skoðunaratriðið flokkist þá í lagi (græn), þarfnist eftirfylgni (gul) eða sé ekki lagi og skráð sé “frávik”, eða “alvarlegt frávik”. **Athugið** gult er EKKI = frávik og rautt=alvarlegt frávik, heldur þýðir rauð flokkun að skoðunaratriðið er merkt “frávik”, eða “alvarlegt frávik”. Skoðunarmaður verður svo að meta alvarleikann.

- Ef hlutfall dýra sem eru flokkuð gul er undir 5% er skoðunaratriðið metið “í lagi” (græn)
- Ef hlutfall dýra sem eru flokkuð gul er á bilinu 5-15% gæti býlið þurft meiri eftirfylgni í formi tíðara eftirlits. Almennt ekki skráð frávik við skoðunaratriðið fyrr en hlutfall þeirra sem flokkast gulir eru >15% af hópnum.
- Ef hlutfall dýra sem eru flokkuð gul er yfir 15% fær skoðunaratriðið “frávik”, eða “alvarlegt frávik”. Skoðunarmaður metur hvort eigi betur við út frá alvarleika.

Dagsetning: _____

Eftirlitsaðili(ar): _____

Býli: _____

Umráðamaður/eigandi: _____

Viðstaddur skoðun: Umráðamaður Annar (hver): _____

Dýrategund	Fjöldi húsa/eininga
Fjöldi gripa á búi:	
Fjöldi gripa skoðaður:	

Heildaryfirlit

	Í lagi	Parfnast skoðunar hlutfall af flokk	nánari skoða	Ekki í lagi = Frávik eða alvarlegt frávik
Holdafar				
Fjöldi dýra		< 5 %		
		5-15%		
		>15 %		
Hreinleiki				
Fjöldi dýra		< 5 %		
		5-15%		
		>15 %		
Helti				
Fjöldi dýra		<5 %		
		5-15%		
		>15 %		
Sár eða meiðsli				
Fjöldi dýra		<5 %		
		5-15%		
		>15 %		